

Ársskýrsla

Héraðsskjalasafns Svarfdæla

2014



Dalvík 2015

Inngangur

Héraðsskjalasafn Svarfdæla var stofnað 1. júlí 1980 og starfar nú samkvæmt reglugerð sem samþykkt var árið 2002. Ný lög um opinber skjalasöfn voru samþykkt á árinu og má gera ráð fyrir að ný reglugerð fylgi í kjölfarið. Nýju lögini komu í stað laga um Þjóðskjalasafn frá árinu 1985. Í nýju lögnum segir m.a.

Héraðsskjalasafn er sjálfstætt opinbert skjalasafn sem lýtur faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands. Rekstur héraðsskjalasafns er á byrgð þess sveitarfélags eða þeirra sveitarfélaga sem að því standa.

Skjalasafnið fellur undir menningarráð sem í sitja Valdemar Viðarsson formaður, Heiða Hilmarsson varaformaður og Kristján E. Hjartarson. Forstöðumaður safnsins er Laufey Eiríksdóttir.

Húsnæðismál

Héraðsskjalasafnið er staðsett í kjallara Ráðhúss Dalvíkur og er stærð húsnæðis um 130 m². Litlar breytingar hafa orðið á húsnæði safnsins. Nýtt, notað skrifborð var tekið í notkun og nýttist einnig sem afgreiðsluborð. Það sem vekur athygli nú þegar fólk kemur á safnið er stórt veggspjald með loftmynd af Dalvík að morgni 2. júní 1934 og er skýringarkort við líkanið sem fyrir var. (sjá forsíðu)

Starfsmannamál

Starfshlutfall safnsins er 0,75% og er Laufey Eiríksdóttir forstöðumaður í 50% starfi og Rósa Þorgilsdóttir í 0,25%. Auk þeirra var Þórdís Hjálmarisdóttir verkefnaráðin í 25% starf frá 1. september og Sigurlaug Stefánsdóttir vann 105 vinnustundir í verktöku.

Laufey sótti 2ja daga ráðstefnu héraðsskjalavarða í Vestmannaeyjum 24. – 26. sept. Fundur héraðsskjalavarða með þjóðskjalaverði var haldinn í fjarfundi 16. maí og sótti Laufey hann í fjarfundaveri á Egilsstöðum.

Starfsmenn safnsins, Laufey, Rósa og Sigurlaug sátu 2ja daga námskeið í skráningu ljósmynda í vefforritið Fotostation. Kennari var Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir frá Héraðsskjalasafni Austfirðinga. Námskeiðið fór fram í húsnæði skjalasafnsins 17. og 18. nóvember. Sigurlaug hóf síðan að skrá myndir í framhaldi af námskeiðinu. Kristján Eldjárn Hjartarson vann í verktöku við að gera skýringarkortið við Dalvíkurlíkanið. Krístrún Arnfinnsdóttir sem var ráðin í sumarafleysingar við bóka- og skjalasafnið vann talsvert við að skipuleggja vinnu við ljósmyndaskráningu.

Starfsemin á árinu 2014



Ljósmyndahópurinn að störfum. Frá v. Gunnar Jónsson, Gerður Jónsdóttir, Kristjana Vigdís Björgvinsdóttir, Vilhjálmur Björnsson. Sér í bakið á Rósu og Þórdísi

Áhugahópur um gamlar ljósmyndir

8 – 10 manna áhugahópur kom að starfinu með að greina gamlar ljósmyndir. Á fyrri hluta ársins var eingöngu unnið með myndir úr starfi leikfélags Dalvíkur sem varð 70 ára á árinu. Í hádegisfyrirlestri þann 10. apríl voru myndirnar síðan sýndar í Bergi og fjórir félagar úr LD sögðu frá starfsemi félagsins. Sýningin var síðan til sýnis bæði í Bergi í viku í maí og á vegg skjalasafnins fyrir gesti safnsins frá júní – ágúst. Sýningin samanstóð af 418 glærum. Talsvert af ljósmyndum tengdum LD bárust á safnið.

Í september hófst starfið aftur eftir sumarhlé og var þá tekið til við myndir sem sýndu fólk við vinnu við ströndina þ.e. fiskveiðar og vinnslu. Flestar myndir sem til voru á safninu sýndu fólk við síldveiðar og síldarsöltun. Auglýst var eftir myndum frá síðari tímum og nokkrar komu inn en betur má ef safnið á að sýna rétta mynd af atvinnuháttum í Dalvíkurbyggð. Í desember voru myndirnar sýndar í hádegisfyrirlestri. Það var sýning með 58 glærum sem voru valdar sérstaklega en alls hafði hópurinn greint um 200 myndir. Þannig má segja að á árinu hafi myndahópurinn meðhöndlað rúmlega 600 myndir.


Þessir störfuðu með myndahópnum á árinu:

Guðlaug Antonsdóttir, Guðlaug Björnsdóttir, Gunnar Jónsson, Arngrímur Kristinsson, Gerður Jónsdóttir, Hafdís Hafliðadóttir, Ingigerður Jónsdóttir, Þorgerður Sveinbjörnsdóttir, Vilhjálmur Björnsson, Klara Arnbjörnsdóttir, Kristjana Vigdís Björgvinsdóttir, Þórdís Hjálmarsdóttir, Jón Halldórsson.

Kvæða- og vísnaðsafið Haraldur.

Á hverjum föstudegi frá 10 – 12 er áhugafólki um vísnaðsöfnun gefinn kostur á að hittast í húsnaði safnsins og leggja sitt af mörkum til vísnaðsöfnunar í gegnum vísnaðvefinn Harald. Mjög fáir hafa gefið sér tíma til þess og hefur því skráning á vefinn takmarkast við það sem starfsfólk getur afkastað á milli anna. Það var því mikill fengur þegar Þórdís Hjálmarsdóttir kennari var ráðin tímabundið í það verkefni að skrá í Harald og hafa samband við fólk sem á höfundarrétt að vísnum og ljóðum tengdum byggðarlaginu. Þórdís tók til starfa í september og sinnir skráningunni í 25 % starfi.

Um áramót voru 18 höfundar skráðir með æviágrip og ljóð. Safninu bárust tvö mjög stór vísnaðsöfn á árinu sem bíða nú skráningar og réttrar meðhöndlunar. Þetta var lausavísnaðsöfn Þorsteins Kristinssonar og kvæða- og vísnaðsöfn Halldórs Jónssonar frá Gili



Þórdís Hjálmarsdóttir að störfum við að skrá í Harald

Önnur verkefni á árinu.

Skólanemendur

Hópur nemenda í 8 – 10. bekk Dalvíkurskóla heimsótti skjalasafnið sérstaklega til að kynna ymsu sem tengist sögu þeirra og byggðarinnar. Þeim var sýnt hvernig við notum Íslendingabók og ennfremur fengu þau að spreyta sig á að lesa gamla lykkskrift.

Andri Mar Flosason nemandi í Menntaskólanum á Tröllaskaga var í starfsnámi í sept – nóv. Hann kom á þriðjudagmorgnum og vann að ýmsum verkefnum á safninu frá 9 – 12.

Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Svarfdæla

Tvær sýningar voru settar upp í sýningarskápnnum í andyrinu í kjallaranum. Fyrri sýningin í júní var um handskrifuðu sveitarblöðin og síðari sýningin var sett upp í tengslum við Norræna skjaladaginn í nóvember og sýndi á grafískan hátt og með textum, vesturfara úr Dalvíkurbyggð. Jolanta Piotrowska setti báðar sýningarnar upp. Grein og myndir um vesturfara var send til uppsetningar á vef Norræna skjaladagsins.



Nemendur í 8 - 10 bekk í kennslustund



Sýning um vesturfara úr Dalvíkurbyggð

Skrá um einkaskjalasöfn var unnin í samvinnu við Þjóðskjalasafn og samkvæmt forskrift þeirra. Skráin er sameiginleg skrá alls landsins og verður aðgengileg á netinu og sú vinna sem nú var unnin er því upphafið að stærri gagnagrunni. Að þessu sinni voru skráð í gagnagrunninn 75 einkaskjalasöfn sem varðveitt eru á safninu og fleiri bíða eftir að bætast við.

Þjálfun í tölvufærni fór fram í safninu og voru það tveir einstaklingar sem nýttu sér þá aðstoð. Þeir sem nýta sér þessa aðstoð koma yfirleitt með eigin tölvur og fá persónulega aðstoð við þau forrit og tækni sem þeir þurfa mest á að halda. Það er t.d. að læra á Mín Dalvíkurbyggð og fleiri slíkar síður sem geta valdið fólki vandræðum.

80 ár frá jarðskjálftanum mikla 1934.

2. júní voru 80 ár liðin frá jarðskjálftanum mikla á Dalvík. Skjalasafnið minntist þessara tímamóta með ýmsu móti. Minningarstund var haldin í samvinnu við byggðasafnið 2. júní sem endaði með því að hópur fólks kom saman á héraðsskjalasafninu þar sem Júlíus Kristjánsson og Kristján Eldjárn Hjartarson afhjúpuðu veggkort (sjá forsíðu) sem sá síðarnefndi hafði unnið. Kortið er hugsað sem skýringarkort við líkan sem smíðað var fyrir 20 árum í tengslum við 60 ára tímamótið. Safnið fékk til þessa verks 200 þús kr. styrk frá menningarsjóði Sparisjóðs Svarfdæla. Við afhjúpunina voru einnig mættir allir þeir sem unnu að gerð líkansins 20 árum fyrr og eru á lífi.

Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Svarfdæla



Anna Baldvina fyrrum starfsmaður skjalasafnsins segir frá sögu líkansins sem fékk viðeigandi skýringarkort 2. júní. Þeir sem unnu að líkaninu eru: frá v. Bragi Jónsson, Brynjólfur Sveinsson, Júlíus Kristjánsson og Ólafur Thoroddsen.

Sýning á gömlum ljósmyndum frá sumrinu 1934 var sett upp sem glærusýning og sýnd á breiðtjaldi í Bergi í viku í maí og síðan var hún opin og kynnt sérstaklega fyrir ferðamenn um sumarið. Um 60 manns sáu sýninguna í húsnæði safnsins frá júní – ágúst. Sýningin var auglýst í samvinnu við byggðasafnið með prentuðu póstkorti sem dreift var víða.

Ljósmyndasafn.



Rósa Þorgilsdóttir í myndaskráningu ásamt Þórdísi úr myndahópnum



Sigurlaug Stefánsdóttir við skráningu í Fotostation

Auk starfsins með myndahópnum var aukinn kraftur lagður í að skrá í Fotostation – skráningarforritið. Markmiðið með þeirri skráningu er að ljósmyndirnar verði síðar meir aðgengilegar á internetinu. Eftir að lenda í talsverðum hremmingum og þurfa að endurskrá myndir, endurmeta hvaða atriði á að setja inn og fleira sem tilheyrir frumkvöðlastarfi, var ákveðið að fá reyndan skrásetjara til aðstoðar og Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir frá Ljósmyndasafni Austurlands kom og var með starfsmönnum í tvo daga. Í leiðinni lagfærði hún ýmislegt í uppsetningu og þýddi yfir á íslensku helstu hugtök o.fl. þetta auðveldaði skráninguna og Sigurlaug Stefánsdóttir kom inn sem skrásetjari mynda í desember auk Rósu. Um áramót voru um 700 myndir fullskráðar í forritið. Það voru fyrst og fremst myndir sem myndahópurinn hefur farið í gegnum.

Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Svarfdæla

Aðföng og frágangur skjala árið 2014

Aðföng á árinu voru með eðlilegu móti enda aðstaða orðin mun betri en áður. Stórar afhendingar voru frá bæjarskrifstofu og stóru vísnaöfnum sem fyrr eru nefnd. Auk þess barst safninu líkræðusafn séra Stefáns V. Snævarr á Völlum. Talsvert kom inn af ljósmyndum í tengslum við verkefni myndahópsins og er nú ljóst að sú vinna skilar miklu í formi aukinna tengsla við hinn almenna íbúa og til að breyta viðhorfum almennings um mikilvægi skjala í ýmsu formi þ.m.t. ljósmyndir. Forstöðumaður fór í húsnaði fyrrum Húsabakkaskóla og hreinsaði það af skjölum sem þarf að varðveita.

Afhendingarskrá 2014

Afh.nr	Sá sem afhendir	Gögn sem afhent eru
1.	Kristrún Sigurðardóttir	Skólablöð og fleiri gögn sem tengjast sumarbúðum og skemmtunum í Árskógarskóla 1963-1987
2.	Sigmar Sævaldsson	Ljósmyndir frá sýningum LD Jói 1983 og það þýtur í saffranstrjánum 1981-1982
3.	Friðrika Jónmundsdóttir	36 ljósmyndir. Ljósmyndari Jónmundur Zóphoniásson
4.	Júlíus Kristjánsson	Ýmis gögn sem tengjast stýrimannadeildinni á Dalvík 1984-1998 auk námsbóka JK úr eigin námi 1954
5.	Guðrún Lárusdóttir	Menningarsjóður Sparisjóðs Svarfdæla – Fundargerðarbók 1984-2014
6.	Vilhjálmur Björnsson	Leikskrá meistaraflokks UMFS Dalvík 1996 (4 eint)
7.	Sigríður Hafstað	Ýmist efni sem birst hefur í Norðurslóð
8.	Margrét Ásgeirsdóttir	Bókhaldslykill, bréfalykill fyrir minni sveitarfélög 2 eint.
9.	Vilhjálmur Björnsson	Ljóðahefti e. Júlíus Friðriksson. CD diskur með söng Jóhanns Daníelssonar
10.	Klara Arnbjörnsdóttir	75 ljósmyndir frá ýmsum leiksýningum og starfi Leikfélags Dalvíkur árin 1960 - 1970
11.	Friðrik Vilhelmsson	35 ljósmyndir frá starfi leikfélags Dalvíkur. Skrá yfir leikrit sem Vilhelm Þórarinsson tók þátt í á árinum 1939 - 1963
12.	Óþekktur	12 virðingarbækur frá Brunabótafélagi Íslands frá árunum 1984 – 1989. Dalvíkur- og Svarfaðardalsumboð
13.	Friðrika Jónmundsdóttir	Skjöl úr eigu Friðbjarnar Zóphoniássonar s.s. verkefnabækur frá Hólum, vísur, fundargerð óþekkt. Lög Félags eggjaframleiðenda við Eyjafjörð 1955

Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Svarfdæla

14.	Margrét Ásgeirsdóttir	Gögn frá árshátíð bæjarstarfsmanna 1990. Annálar stofnana o.fl
15.	Margrét Ásgeirsdóttir	Gögn frá bæjarskrifstofu, mál sem afgreidd voru 2004, að undanskildum trúnaðarmálum. Málum er raðað eftir tíma og málaskrá fylgir hverri öskju. 5 öskjur
16.	Margrét Ásgeirsdóttir	Gögn frá tæknideild Dalvíkurbyggðar fram að 2004. 5 öskjur
17.	Felix Jósafatsson	Kjörgögn vegna sveitarstjórnakosninga 31. maí 2014
18.	Kolbrún Reynisdóttir	Hljóðrit og myndefni frá Húsabakkaskóla. Myndbandsspólur sem teknar eru á skemmtunum. CD diskar með upptökum
19.	Elín Rósa Ragnarsdóttir	Vísur og kveðskapur eftir Þorstein Kristinsson, einnig vísur sem hann hefur safnað eftir aðra hagröðinga
20. og 21.	Friðrika Jónmundsdóttir	Skólaspjöld frá Hólaskóla 1936 – 1938. Sveins- og meistarabréf Stefaníu J. Kristinsdóttur í kjólasaumi. Minningakort, sálmaskrár o.fl. úr fórum hjónanna á Hrafnstöðum Stefaníu Kristinsdóttur og Jónmundar Zóphoníassonar
22.	Einar Arngrímsson	Litskyggnur úr Dalvíkurskóla. Þar á meðal nemendasýning 1978, frá Dalvík 1966 o.fl.
23.	Kolbrún Reynisdóttir	Frá Húsabakkaskóla. Ýmis gögn s.s. spjaldskrá, bekkjarkladdar, bréfefni, og nemendaverkefni, ræðusöfn o.fl. 4 öskjur
24.	Kolbrún Reynisdóttir	Fundargerðir o.fl. fyrir Sundskála Svarfdæla
25.	Óþekktur	Hreppsgögn Svarfaðardalshrepps. Eitt og annað sem fannst ófrágengið á skjalasafninu. Myndunarár skjalanna eru frá 1927 - 1977
26.	Erna Kristjánsdóttir	Dagrenning - handskrifað félagsblað Ungmennafélagsins Skíða 1932 – 1953 alls 18 bækur
27.	Erna Kristjánsdóttir	Ungmennafélagið Skíði – fundargerðarbók 1943 – 1950. Brautarfélagið – gerðabók 1954. Reikningar og framlög Skíðdælinga og Svarfdælinga til „Akvegjar Skíðdæla“
28.	Vilhelm Anton Hallgrímsson	Gestabók í Kofa 2010-2014
29.	Kristján Ólafsson	Minningarspjald um Guðjón Baldvinsson f. 1883.
30.	Haukur Haraldsson	Afrit af samantekt Hauks um eyðibýli í Svarfaðardal, á Árskógsströnd, Siglufirði og Ólafsfirði á 18. öld
31.	Guðlaug Björnsdóttir	Rúmlega 100 ljósmyndir frá leiksýningum og úr starfi Leikfélags Dalvíkur
32.	Guðlaug Antonsdóttir	46 ljósmyndir úr eigu Sólveigar Antonsdóttur o.fl.
33.	Hlín Torfadóttir	Nótur, frumrit og afrit á 20 blöðum. Nótmaskrifari Gestur Hjörleifsson organisti.

Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Svarfdæla

34.	Una Sigurliðadóttir	Vísur og ljóð á 6 blöðum eftir Þóri Haraldsson menntaskólakennara.
35.	Óþekktur	Ragnar Þóroddsson, próförk að skáldsögu innbundin höfundur/þýðandi óvíst.
36.	Hafdís Hafliðadóttir	Örnefnaskrá, örnefni úr landi Búrfells í Svarfaðardal. Saga skráð eftir minni um Vesturfarana Baldvinu Baldvinsdóttur frá Böggvistöðum og Jón Kristinn Sigurðsson vinnumann á Böggvistöðum
37.	Stefán Halldórsson	Ljóð og vísur eftir Halldór Jónsson frá Gili. Einnig ýmislegt úr fórum Halldórs m.a. fundargerðarbók Ungmennafélagsins Æskunnar í Svarfaðardal 1927 – 1928. 3 öskjur
38.	Gunnlaugur Snævarr	Líkræður og minningarorð um 565 einstaklinga eftir sr. Stefán V. Snævarr. Frá árunum 1941 – 1984. 4 öskjur
39.	Baldvina Valdimarsdóttir	Verslunarbækur, dagbækur, bréf, símskeyti vottorð og fundargerðarbækur úr fórum Sigurðar P. Jónssonar kaupmanns. Myndunarár 1908 – 1973 (Fannst í kjallara pósthússins)
40.	Kristján Ólafsson	5 Verkefnabækur handskrifaðar frá Hólaskóla úr eigu Jónmundar Zóphoníassonar á Hrafnstöðum
41.	Lilja Björk Reynisdóttir	Fundargerðarbók Hestamannafélagsins Hrings 1996 – 2001. Fundargerðarbók Íþróttadeildar Hrings 1978 - 1988
42.	Ragnheiður Sigvaldadóttir	Ljósmynd og krítarteikning sem varðveitt er á listaverkasafni
43.	Árnastofnun	Eftirlíkingar af blöðum úr Physiologus – handrit frá Árnastofnun sem var á sýningunni Handritin alla leið heim.

Rekstur Héraðsskjalasafns Svarfdæla

Tekjur	- 490.168
Laun og launatengd gjöld	7.279.965
Vörukaup	557.888
<u>Þjónustukaup</u>	<u>2.639.396</u>
Samtals	9.987.081

Dalvík 30. mars 2015

Laufey Eiríksdóttir forstöðumaður